

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Félags grunnskólakennara**

46. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna Félags grunnskólakennara var haldinn föstudaginn 15. júní 2015 í Borgartúni 30 og hófst hann kl. 14:00.

Fundinn sátu: Ólafur Loftsson og Guðbjörg Ragnarsdóttir af hálfu KÍ og af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Atli Atlason og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

Dagskrá send síðar. Dagskrá 46. fundar samstarfsnefndar

1. Fundargerð 45. fundar

Niðurstaða

Fundargerð 45. fundar lögð fram til samþykktar og er hún samþykkt einróma.

2. Útgáfa á heildstæðum kjarasamningi Félags grunnskólakennara og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Heildarkjarasamningur er nú tilbúinn til útgáfu.

Samstarfsnefnd er sammála um að eftirfarandi breytingar verði gerðar á kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara, með gildistíma frá 1. maí 2014 til 31. maí 2016. Breytingarnar eru mikilvægar í því markmiði að aðlagða orðlag samkomulags aðila frá 20. maí 2014 að útgáfu heildarkjarasamnings og halda utan um þau atriði er máli kunna að varða. Þá hefur verið tekið tillit til breytinga sem orðið hafa í meðförum samstarfsnefndar frá því samkomulagið var undirritað.

Grein 1.1.1. um föst mánaðarlaun

Í fyrstu málsgrein „og“ er breytt í „eða“.

Áður:

Föst mánaðarlaun starfsmanns, sem gegnir fullu starfi, skulu greidd samkvæmt launatöflum í fylgiskjölum A og B.

Nú:

Föst mánaðarlaun starfsmanns, sem gegnir fullu starfi, skulu greidd samkvæmt launatöflum í fylgiskjölum A eða B.

Gildistíma við launatöflu A-4 og B-4 er breytt úr 31. desember 2016 í 31. maí 2016.

Áður:

Launatöflur í fylgiskjali A gilda um þá kennara sem velja afsala sér þeim réttindum sem felast í grein 2.5.2 og um þá sem ráðnir eru til starfa eftir 1. júní 2014.

Launatafla A-4, gildistími: 1. janúar 2016 til 31. desember 2016.

Nú:

Launatöflur í fylgiskjali B gilda um þá kennara sem velja um að halda þeim réttindum um lækkun hámarkskenndu sem felast í grein 2.5.2.1.

Launatafla B-4, gildistími: 1. janúar 2016 til 31. maí 2016.

Grein 1.3.1. um röðun í launaflokka

Skammstöfunin „l.fl.“ er breytt í „lfl.“ við öll starfsheiti í greininni.

Grein 1.3.2. um viðbótarflokka vegna prófa og leyfisbréfa

Tölustöfum breytt í texta.

Áður:

Hafi leiðbeinandi, grunnskólakennari, umsjónarkennari, verkefnastjóri, sérkennari eða náms- og starfsráðgjafi tvöfalt B.ed/BA/BS próf eða MA/MS próf hækkar hann um 2 launaflokka.

Hafi leiðbeinandi, grunnskólakennari, umsjónarkennari, verkefnastjóri sérkennari eða náms- og starfsráðgjafi doktorspróf hækkar hann um 3 launaflokka.

Nú:

Hafi leiðbeinandi, grunnskólakennari, umsjónarkennari, verkefnastjóri, sérkennari eða náms- og starfsráðgjafi tvöfalt B.ed/BA/BS próf eða MA/MS próf hækkar hann um tvo launaflokka.

Hafi leiðbeinandi, grunnskólakennari, umsjónarkennari, verkefnastjóri sérkennari eða náms- og starfsráðgjafi doktorspróf hækkar hann um þrjú launaflokka.

Breyting gerð á skýringartexta.

Í fyrstu málsgrein í skýringartexta er „3“ bætt við fyrir framan „lfl.“. Breytt númer á grein.

Áður:

*Fyrsta málsgrein gefur samtals 1 lfl. hvort sem uppfyllt er eitt eða öll tilefni málsgreinarinnar, önnur málsgrein 2 lfl. og þriðja málsgrein lfl.
Samtals getur gr. 1.3.3 gefið 6 lfl.*

Nú:

*Fyrsta málsgrein gefur samtals 1 fl. hvort sem uppfyllt er eitt eða öll tilefni málsgreinarinnar, önnur málsgrein 2 fl. og þriðja málsgrein 3 fl.
Samtals getur gr. 1.3.2 gefið 6 fl.*

Neðar í sama skýringartexta „einn“ launaflokk breytt í „1“ launaflokk:

Áður:

Leiðbeinandi I, sem hefur lokið 30 ECTS eininga háskólanámi sem nýtist í starfi (þ.e. í námsgrein sem kennd er í grunnskóla) fær því einn launaflokk og verður í launaflokki 227.

Nú:

Leiðbeinandi I, sem hefur lokið 30 ECTS eininga háskólanámi sem nýtist í starfi (þ.e. í námsgrein sem kennd er í grunnskóla) fær því 1 launaflokk og verður í launaflokki 227.

Grein 1.7 um annaruppbót

Vegna styttingar á samningi skv. samkomulagi 16. febrúar 2015 er eftirfarandi tekið út úr kjarasamningi.

Annaruppbót 1. desember 2016 kr. 76.500,-

Grein 2.1.6.1 um vikulega vinnuskylda:

Breyting á greinarheiti.

Áður:

2.1.6.1 Vikulega vinnuskylda

Nú:

2.1.6.1 Vinnuskylda kennara

Upptalning verkefna í þætti B: „Afleysingar vegna skammtímaforfalla“ fellur út.

Áður:

Þáttur B: Önnur verkefni:

Önnur verkefni sem kennarar sinna og falla ekki undir A eða C. Stærð B þáttar er að jafnaði 764 klst. á ári. Sjá töflu 1.

Í þessum hluta eru verkefni sem kennarar sinna og falla ekki undir A eða C, t.d. fundir innan skólans og utan, viðtalstímar, almenn upplýsingaskráning og upplýsingagjöf, faglegt samstarf kennara. Starfsþróun og aukinn undirbúningur, skólaþróun og námskrárvinna, þátttaka í innra mati, ytra mati og rannsóknum. Umsjón og eftirlit með kennslurými, tækjum og áhöldum. Afleysingar vegna skammtímaforfalla, gæsla, aðstoð við kennslu og nemendasamtöl. Jafnframt vinna með nemendum t.d. á bókasafni, á

þemadögum, í nemendaferðum og á sérstökum uppbrotsdögum. Kaffitímar/frímínútur teljast til B þáttar.

Nú:

Þáttur B: Önnur verkefni:

Önnur verkefni sem kennarar sinna og falla ekki undir A eða C. Stærð B þáttar er að jafnaði 764 klst. á ári. Sjá töflu 1.

Í þessum hluta eru verkefni sem kennarar sinna og falla ekki undir A eða C, t.d. fundir innan skólans og utan, viðtalstímar, almenn upplýsingaskráning og upplýsingagjöf, faglegt samstarf kennara. Starfsþróun og aukinn undirbúningur, skólaþróun og námskrárvinna, þátttaka í innra mati, ytra mati og rannsóknnum. Umsjón og eftirlit með kennslurými, tækjum og áhöldum, gæsla, aðstoð við kennslu og nemendasamtöl. Jafnframt vinna með nemendum t.d. á bókasafni, á þemadögum, í nemendaferðum og á sérstökum uppbrotsdögum. Kaffitímar/frímínútur teljast til B þáttar.

Grein 2.3.6 um viðbótarkennslu samhliða eigin kennslu

Í texta er „greinar 2.1.6.3“ tekið út.

Áður:

Þegar kennara einnar bekkjardeildar/námshóps er falið að bæta við sig kennslu annarrar bekkjardeildar/námshóps samhliða eigin kennslu vegna forfalla annars kennara, skal greiða honum hálfu yfirvinnustund í álag fyrir hverja slíka kennslustund.

Þar sem samkennsla er stunduð og ekki tekst að útvega afleysingu vegna forfalla skal sama álag gilda fyrir kennara sem bætir við sig kennslu, enda hafi ekki verið gert samkomulag um annað á grundvelli greinar 2.1.2, greinar 2.1.6.3 eða samið hafi verið um greiðslu TV- eininga í slíkum tilfellum.

Nú:

Þegar kennara einnar bekkjardeildar/námshóps er falið að bæta við sig kennslu annarrar bekkjardeildar/námshóps samhliða eigin kennslu vegna forfalla annars kennara, skal greiða honum hálfu yfirvinnustund í álag fyrir hverja slíka kennslustund.

Þar sem samkennsla er stunduð og ekki tekst að útvega afleysingu vegna forfalla skal sama álag gilda fyrir kennara sem bætir við sig kennslu, enda hafi ekki verið gert samkomulag um annað á grundvelli greinar 2.1.2 eða samið hafi verið um greiðslu TV- eininga í slíkum tilfellum.

Grein 2.5.1 um kennsluviðmið í dagvinnu

Viðbót við skýringartexta. Neðsta málsgrein skýringartextans var tekin út en er sett inní samninginn aftur.

Áður:

Öll kennsla umfram kennsluskyldu skal greidd sem yfirvinna, þó á það ekki við ef skólastjóri og kennari koma sér saman um aukna kennslu gegn skerðingu annarra starfa.

Nú:

Kennarar 55 ára og eldri, sem ekki hafa afsalað sér kennsluafslætti, hafa áfram 24 kennslustundir í kennsluskyldu. Kennarar 60 ára og eldri, sem ekki hafa afsalað sér kennsluafslætti, hafa áfram 19 kennslustundir í kennsluskyldu. Þessir kennslustundir falla ekki inní meðaltalið.

Öll kennsla umfram kennsluskyldu skal greidd sem yfirvinna, þó á það ekki við ef skólastjóri og kennari koma sér saman um aukna kennslu gegn skerðingu annarra starfa.

Fela má kennara forfallakennslu án aukagreiðslu, t.d. vegna þess að nemendur sem hann átti að kenna eru í ferðalagi, allt að fjölda þeirra kennslustunda sem hann átti að kenna þann daginn.

Grein 3.4.3 um mat keyptan af öðrum

Uppfærðar tölur miðað við árið 2015.

Áður:

Ef keyptur er matur hjá öðrum aðila en greint er í gr. 3.4.2 skulu starfsmenn greiða kr. 520 fyrir hverja máltíð frá og með 1. janúar 2011. Upphæðin skal síðan taka breytingum 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingu á matar- og drykkjavörulið í neysluvísitölu með vísitölu janúarmánaðar 2011 sem grunnvísitölu (186,6 stig). Reynist kaupverð vinnuveitanda á aðkeyptum mat lægra en sem nemur þessari upphæð skal miða greiðslur starfsmanna við það.

Nú:

Ef keyptur er matur hjá öðrum aðila en greint er í gr. 3.4.2 skulu starfsmenn greiða kr. 611 fyrir hverja máltíð frá og með 1. janúar 2015. Upphæðin skal síðan taka breytingum 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingu á matar- og drykkjavörulið í neysluvísitölu með vísitölu janúarmánaðar 2015 sem grunnvísitölu (219,13 stig). Reynist kaupverð vinnuveitanda á aðkeyptum mat lægra en sem nemur þessari upphæð skal miða greiðslur starfsmanna við það.

Grein 3.4.4 um fæðispeninga:

Áður:

Starfsmenn sem ekki njóta mataraðstöðu samkvæmt greinum 3.4.1 - 3.4.3. skulu fá það bætt með fæðispeningum, sem nema kr. 336,94 fyrir hvern vinnuskyldudag, enda séu þá uppfyllt neðantalin skilyrði:

- a. Vinnuskylda starfsmanns sé minnst sem svarar hálfri stöðu á viku.
- b. Starfsmaður hafi vinnuskyldu á föstum vinnustað frá kl. 11:00 - 14:00 að frádregnu matarhléi.
- c. Matarhlé sé aðeins 1 kennslustund .

Greiðsla þessi skal breytast á þriggja mánaða fresti í samræmi við breytingu á matar- og drykkjavörulið (01) í neysluvísitölu með vísitölu janúarmánaðar 2011 sem grunnvísitölu (186,6 stig).

Nú:

Starfsmenn sem ekki njóta mataraðstöðu samkvæmt greinum 3.4.1 - 3.4.3. skulu fá það bætt með fæðispeningum, sem nema kr. 395,68 fyrir hvern vinnuskyldudag, enda séu þá uppfyllt neðantalin skilyrði:

- a. Vinnuskylda starfsmanns sé minnst sem svarar hálfri stöðu á viku.
- b. Starfsmaður hafi vinnuskyldu á föstum vinnustað frá kl. 11:00 - 14:00 að frádregnu matarhléi.
- c. Matarhlé sé aðeins 1 kennslustund .

Greiðsla þessi skal breytast á þriggja mánaða fresti í samræmi við breytingu á matar- og drykkjavörulið (01) í neysluvísitölu með vísitölu janúarmánaðar 2015 sem grunnvísitölu (219,13 stig).

Grein 7.1.2, 7.2 og 7.2.1

Uppfærðar tölur miðað við árið 2015.

7.1.2 Dánarslysabætur

Áður:

Dánarslysabætur eru:

1. Ef hinn látni var ógiftur og lætur ekki eftir sig barn undir 18 ára aldri og hefur ekki séð fyrir foreldri eða foreldrum, 67 ára og eldri:

vegna slyss utan starfs 831.245 kr.

vegna slyss í starfi 831.245 kr.

Rétthafar þessara dánarbóta eru lögerfingjar.

2. Ef hinn látni var ógiftur en lætur eftir sig barn (börn) undir 18 ára aldri og/eða hefur sannanlega séð fyrir foreldri eða foreldrum, 67 ára og eldri:

| | |
|-------------------------|---------------|
| vegna slyss utan starfs | 2.546.294 kr. |
| vegna slyss í starfi | 6.086.715 kr. |

Rétthafar þessara dánarbóta eru foreldrar og börn. Taki báðir þessir aðilar bætur, rennur 1/3 hluti bóta til foreldra en 2/3 hlutar bóta skiptast milli barna að jöfnu.

3. Ef hinn látni var í hjúskap eða í sambúð sem að öðru leyti má jafna til hjúskapar og sem staðið hefur a.m.k. í 2 ár samfellt fyrir andlát hans, skulu bætur til maka eða sambúðaraðila vera:

| | |
|-------------------------|---------------|
| vegna slyss utan starfs | 3.483.290 kr. |
| vegna slyss í starfi | 9.933.212 kr. |

Rétthafi dánarbóta þessara er viðkomandi maki eða sambúðaraðili

4. Ef hinn látni lætur eftir sig barn undir 18 ára aldri, til hvers barns:

| | |
|-------------------------|---------------|
| vegna slyss utan starfs | 831.245 kr. |
| vegna slyss í starfi | 1.986.414 kr. |

Nú:

Dánarslysabætur eru:

1. Ef hinn látni var ógiftur og lætur ekki eftir sig barn undir 18 ára aldri og hefur ekki séð fyrir foreldri eða foreldrum, 67 ára og eldri:

| | |
|-------------------------|-------------|
| vegna slyss utan starfs | 948.788 kr. |
| vegna slyss í starfi | 948.788 kr. |

Rétthafar þessara dánarbóta eru lögerfingjar.

2. Ef hinn látni var ógiftur en lætur eftir sig barn (börn) undir 18 ára aldri og/eða hefur sannanlega séð fyrir foreldri eða foreldrum, 67 ára og eldri:

| | |
|-------------------------|---------------|
| vegna slyss utan starfs | 2.906.355 kr. |
| vegna slyss í starfi | 6.947.413 kr. |

Rétthafar þessara dánarbóta eru foreldrar og börn. Taki báðir þessir aðilar bætur, rennur 1/3 hluti bóta til foreldra en 2/3 hlutar bóta skiptast milli barna að jöfnu.

3. Ef hinn látni var í hjúskap eða í sambúð sem að öðru leyti má jafna til hjúskapar og sem staðið hefur a.m.k. í 2 ár samfellt fyrir andlát hans, skulu bætur til maka eða sambúðaraðila vera:

| | |
|-------------------------|----------------|
| vegna slyss utan starfs | 3.975.848 kr. |
| vegna slyss í starfi | 11.337.828 kr. |

Rétthafi dánarbóta þessara er viðkomandi maki eða sambúðaraðili

4. Ef hinn látni lætur eftir sig barn undir 18 ára aldri, til hvers barns:

| | |
|-------------------------|---------------|
| vegna slyss utan starfs | 948.788 kr. |
| vegna slyss í starfi | 2.267.305 kr. |

Grein 7.2 Tryggingarfjárhæðir vegna varanlegrar örorku eru:

Áður:

| | | |
|-------------------------|------------|-----|
| Vegna slyss utan starfs | 6.695.850 | kr. |
| Vegna slyss í starfi | 17.665.648 | kr. |

Nú:

| | | |
|-------------------------|------------|-----|
| Vegna slyss utan starfs | 7.642.684 | kr. |
| Vegna slyss í starfi | 20.163.677 | kr. |

7.2.1 Vísitölubinding

Áður:

Framangreindar tryggingarfjárhæðir miðast við vísitölu neysluverðs í apríl 2011, 374,1 stig. (Sbr. samkomulag dags. 22.12.2004 og viðbótarsamkomulag dags. 20.10.2005).

Nú:

Framangreindar tryggingarfjárhæðir miðast við vísitölu neysluverðs í apríl 2015, 427,0 stig. (Sbr. samkomulag dags. 22.12.2004 og viðbótarsamkomulag dags. 20.10.2005).

Grein 10.3 um viðbótarlaunaflokka vegna kennsluferils, lífaldurs eða starfsþróunar

Áður:

Starfsmaður sem tekur virkan þátt í starfsþróunaráætlun og viðheldur þekkingu sinni og færni fær hærri laun en ella. Þannig hækkar röðun allra starfsheita sem hér segir:

Kennarar sem valið hafa að taka laun samkvæmt launatöflu A sbr. gr. 2.5.2 og afsalað sér þeim réttindum sem felast í gr. 2.5.2.1 fá tvo launaflokka eftir 5 ára kennsluferil, tvo til viðbótar eftir 10 ára kennsluferil og tvo að auki eftir 15 ára kennsluferil.

Kennarar sem valið hafa að taka laun samkvæmt launatöflu B sbr. gr. 2.5.2 og halda réttindum sem felast í gr. 2.5.2.1 fá einn launaflokk eftir 5 ára kennsluferil, annan eftir 10 ára kennsluferil og þann þriðja eftir 15 ára kennsluferil.

Þrátt fyrir ofangreint skal miða launaflokkahækkanir vegna starfsþróunar hjá kennurum sem voru í starfi 17. nóvember 2004 við eftirfarandi reglu: Einn launaflokkur við 35 ára aldur, annar við 40 ára aldur og þriðji við 45 ára aldur.

Heimilt er kennara sem var í starfi þann 17. nóvember 2004 að velja að miða við kennsluferil skv. 1. mgr.

Breyting tekur gildi næstu mánaðarmót eftir að tilkynning berst launagreiðenda.

Samtals getur greinin gefið þrjá launaflokka.

Nú:

Starfsmaður sem tekur virkan þátt í starfsþróunaráætlun og viðheldur þekkingu sinni og færni fær hærri laun en ella. Þannig hækkar röðun allra starfsheita sem hér segir:

Kennarar sem valið hafa að taka laun samkvæmt launatöflu A sbr. gr. 2.5.2 og afsalað sér þeim réttindum sem felast í gr. 2.5.2.1 fá tvo launaflokka eftir 5 ára kennsluferil, tvo til viðbótar eftir 10 ára kennsluferil og tvo að auki eftir 15 ára kennsluferil.

Kennarar sem valið hafa að taka laun samkvæmt launatöflu B sbr. gr. 2.5.2 og halda réttindum sem felast í gr. 2.5.2.1 fá einn launaflokk eftir 5 ára kennsluferil, annan eftir 10 ára kennsluferil og þann þriðja eftir 15 ára kennsluferil.

Eftirfarandi gildir um kennara sem sem voru í starfi 17. nóvember 2004 og völdu að taka laun útfrá lífaldri:

Kennarar sem valið hafa að taka laun skv. launatöflu A sbr. gr. 2.5.2 og hafa afsalað sér þeim réttindum sem felast í gr. 2.5.2.1 fá tvo launaflokka við 35 ára aldur, tvo til viðbótar við 40 ára aldur og tvo að auki við 45 ára aldur.

Kennarar sem valið hafa að taka laun skv. launatöflu B sbr. gr. 2.5.2 og halda réttindum sem felast í gr. 2.5.2.1 fá einn launaflokk við 35 ára aldur, einn til viðbótar við 40 ára aldur og einn að auki við 45 ára aldur.

Heimilt er kennara sem var í starfi þann 17. nóvember 2004 að velja að miða við kennsluferil skv. 1. mgr.

Breyting tekur gildi næstu mánaðarmót eftir að tilkynning berst launagreiðenda.

Grein 14.4 um vinnutíma

Í fyrstu málsgrein „vinnutíma og vinnuskyldu“ breytt í „vinnuskyldu“ í samræmi við heiti greinar 2.1.6.1.

Áður:

Yfirmaður ákveður vinnutíma þeirra starfsmanna sem starfa hjá honum en honum ber að gera það með tilliti til ákvæða laga, ráðningarsamninga og kjarasamninga. Sjá nánar gr. 2.1.6.1 um viðverutíma, ákvörðun um dagleg mörk.

Nú:

Yfirmaður ákveður vinnutíma þeirra starfsmanna sem starfa hjá honum en honum ber að gera það með tilliti til ákvæða laga, ráðningarsamninga og kjarasamninga. Sjá nánar gr. 2.1.6.1 um vinnuskyldu kennara.

Grein 14.12 um starfslok starfsmanna með skipunarbréf

Breytingar á greinanúmerum.

Áður:

Um starfslok kennara og skólastjórnenda grunnskóla sem skipaðir voru til starfa af menntamálaráðherra fyrir flutning grunnskóla frá ríki til sveitarfélaga 1. ágúst 1996 og starfa enn á grundvelli slíkrar skipunar gildir eftirfarandi:

Starfsmaður getur tilkynnt um starfslok sín með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót. Um starfslok vegna aldurs gildir gr. 14.10. Um starfslok vegna niðurlagningar gildir gr. 14.12.

Um lausn starfsmanns frá starfi eða eftir atvikum frávikningu vegna ávirðinga gilda sömu reglur og kveðið er á um í gr. 14.9 um uppsögn og frávikningu.

Nú:

Um starfslok kennara og skólastjórnenda grunnskóla sem skipaðir voru til starfa af menntamálaráðherra fyrir flutning grunnskóla frá ríki til sveitarfélaga 1. ágúst 1996 og starfa enn á grundvelli slíkrar skipunar gildir eftirfarandi:

Starfsmaður getur tilkynnt um starfslok sín með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót. Um starfslok vegna aldurs gildir gr. 14.9. Um starfslok vegna niðurlagningar gildir gr. 14.11.

Um lausn starfsmanns frá starfi eða eftir atvikum frávikningu vegna ávirðinga gilda sömu reglur og kveðið er á um í gr. 14.8 um uppsögn og frávikningu.

Grein 15.1 um gildistíma og samningsforsendur

Breyttur samningstími.

Áður:

Samningsaðilar gera með sér svofellt samkomulag um breytingar og framlengingu kjarasamnings aðila sem gildir frá 1. maí 2014 til 31. desember 2016.

Nú:

Samningsaðilar gera með sér svofellt samkomulag um breytingar og framlengingu kjarasamnings aðila sem gildir frá 1. maí 2014 til 31. maí 2016.

Bókanir: Eftirfarandi bókanir teknar út úr samningnum.

Bókun 2 [2011] og Bókun 4 [2011]

**Bókun 2 [2011]
Framtíðarsýn í skólamállum**

Aðilar eru sammála um að halda áfram vinnu á grundvelli sameiginlegrar framtíðarsýnar í skólamállum til ársins 2020, skv. sameiginlegum samningsmarkmiðum og markmiðum í kjarasamningi aðila frá 2008.

Í því skyni munu aðilar skipa tvo starfshópa með fulltrúum beggja aðila til að halda áfram þeirri vinnu sem lagður var grundvöllur að með vinnu starfshóps sem mótaði sameiginlega framtíðarsýn í skólamállum til ársins 2020.

Annar starfshópurinn mun m.a. fjalla um hlutverk kennara, innihald starfs þeirra og breytingar á störfum, auk þróunar skólastarfs almennt.

Hinn starfshópurinn mun fjalla um vinnutímakafla kjarasamnings og önnur ákvæði sem tengjast vinnutíma grunnskólakennara með það að markmiði að aðlaga hann að breyttum kröfum til skólastarfs.

Stefnt er að því að aðilar nái samkomulagi um breytingar fyrir 31. desember 2011. Það samkomulag verði borið undir félagsmenn FG í almennri atkvæðagreiðslu og skal niðurstaða hennar liggja fyrir eigi síðar en 16. febrúar 2012. Samþykki félagsmenn FG þær breytingar, taka þær gildi frá upphafi skólaársins 2012-2013. Felli félagsmenn FG umræddar breytingar eða náist ekki samkomulag um breytingatillögur, fellur kjarasamningurinn úr gildi frá 29. febrúar 2012 án sérstakrar uppsagnar.

Bókun 4 [2011]

Gerð leiðbeininga um áminningar, uppsagnir og frávikningar

Á samningstímanum stefna aðilar að gerð sameiginlegra leiðbeininga um framkvæmd gr. 14.8 um áminningu og gr. 14.9 um uppsögn og frávikningu (sbr. bókun 3 frá 2008).

Launtöflur A-4 og B-4

Breyttur gildistími samningsins.

Áður:

Gildir frá 1. janúar 2016 til 31. desember 2016

Nú:

Gildir frá 1. janúar 2016 til 31. maí 2016

Fylgiskjal 5:

Kaflar 4 til 6 úr samkomulagi aðila frá 20. maí 2014 bætt við aftast í samninginn sem fylgiskjal 5.

3. Greiðsla álags í teyllum samkvæmt grein 1.3.6 vegna viðbótarkennslu samhliða eigin kennslu. – 1503034SA

Erindi barst samstarfsnefnd þar sem spurt er hvort heimilt er við þær aðstæður þar sem kennari/ar í teymi forfallast að skipta 0,5 álagi milli þeirra kennara sem leysa forföllin og bæta við sig nemendum samkvæmt grein 1.3.6.

Niðurstaða

Skólaárið 2015 – 2016 er samstarfsnefnd sammála um eftirfarandi gildi um framkvæmd greiðslna vegna forfalla kennara í teymiskennslu.

Ef þrír kennarar eru í teymi og einn forfallast, ber að greiða hinum tveim hvorum um sig 50% álag

Þegar kemur að fjölmennari teyllum er heimilt að dreifa álaginu á teymismeðlimi þannig að forföllin kosti í rauninni alltaf jafn mikið hvort sem inn kemur „utanaðkomandi“ forfallakennari eða þeir sem eftir standa í teyminu deila með sér verkum. Sjá nánari útfærslu í dæmum a og b:

a. Í fjögurra kennara teymi ef einn forfallast (og ekki kemur inn afleysing) fá þeir þrír sem eftir standa 33% álag hver.

b. Í fimm kennara teymi, ef einn forfallast (og ekki kemur inn afleysing) þá hafa þeir fjórir sem eftir standa fengið 25% álag hver.

Ef aðstæður eru með þeim hætti að hægt sé að fela einum kennara í teyminu nemendur forfallaðs kennara og sú kennsla fer fram í sérstöku rými fær kennarinn 0,5 álag vegna viðbótarkennslu samhliða eigin kennslu sem er almenna reglan í grein 2.3.6 um viðbótarkennslu samhliða eigin kennslu.

Leitast skal við að leysa forföll með „utanaðkomandi“ afleysingum eins og kostur er.

4. Erindi verkefnisstjórnar um vinnumat dags. 12. júní, um vinnu kennara með börnum innan B-þáttar - 1506219SA

Niðurstaða

Samkvæmt niðurstöðu 4.5. fundar eru samningsaðilar sammála um að kjarasamningur aðila feli í sér að skólastjóra sé heimilt í samráði við kennara að fela kennurum verkefni úr B þætti og C þætti vinnumats eins og þau eru tilgreind í kjarasamningi aðila.

Samstarfsnefnd áréttar að mikilvægt er að hafa raunverulegt samráð um þau verkefni sem kennarar taka að sér samkvæmt kjarasamningi aðila.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:52